

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 187,00 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 505, 21. desember 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ**um greiðslu sérstakrar fjárhæðar til rekstrar ökutækis hreyfihamlaðra.**

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþegum svo og örorkustyrksþegum sérstaka fjárhæð vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar.

2. gr.

Með hreyfihömlun skv. reglugerð þessari er átt við líkamlega hreyfihömlun, þ.á m. blindu, sem gerir menn ófæra um að komast ferða sinna á ökutækis. Um mat á hreyfihömlun skv. Þessari grein fer skv. almannatryggingalögum.

3. gr.

Til þess að geta notið greiðslna skv. reglugerð þessari þarf viðkomandi eða maki (sambúðaraðila) að vera skráður eigandi ökutækis.

Ennfremur þarf viðkomandi sjálfur að aka bifreiðinni eða maki (sambúðaraðili). Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, t.d. eigi einhleypingur í hlut eða mæli sérsakar ástæður með.

4. gr.

Umsóknir um greiðslu skv. reglugerð þessari skulu sendar Tryggingastofnun ríkisins eða viðkomandi umboðsskrifstofu, sem framsendir umsóknir ásamt athugasemdum og meðmæli- um aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Eignarhald bifreiðar.
2. Ökumann, aki umsækjandi ekki sjálfur.
3. Ljósrit af ökuskírteini umsækjanda eða annars ökumanns.
4. Hagi og atvinnu umsækjanda, t.d. með skattframtali.

5. gr.

Greiðslur skv. reglugerð þessari skulu vera kr. 4050 á mánuði. Fjárhæðir taka breytingum skv. 79. gr. almannatryggingalaga og skal sérstakt tillit tekið til breytinga á verði eldsneytis ökutækja.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 1. gr. laga nr. 36/1980, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 394/1980, um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar hreyfihamlaðra með breytingu nr. 359/1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. september 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

20. september 1991

**um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við
Kjóavelli í Garðabæ.**

1. gr.

Við hvert hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal vera taðþró nægjanlega stór og þannig gerð, að frá henni verði ekki hætta á mengun í grunnvatni. Umgengni um taðþrærnar, hreinsun þeirra og hreinsun hesthúsa skal vera með þeim hætti, að ekki stafi af óþrifnaður.

2. gr.

Tvisvar á ári skulu allar taðþrær tæmdar og hreinsaðar skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun skal fara fram á vegum Garðabæjar í samráði við stjórn hestamannafélagsins Andvara. Aukahreinsanir skulu fara fram eftir þörfum.

4. gr.

Fyrir hreinsun skal sérhver hesthúsa eigandi greiða gjald, skv. sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir, og skal gjald þetta innheimt með fasteignagjöldum.

5. gr.

Ef taðþró fyllist milli reglubundinna hreinsana sbr. 4. gr. skal hesthúsa eigandi greiða kostnað við aukahreinsun.

6. gr.

Í taðþrær má einungis setja hrossatað og moð, sem hreinsað er úr hesthúsunum og umhverfis þau.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari, og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög, fer skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 20. september 1991.

F. h. r.
Páll Línal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.